

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Berglinni Hörpu Svavarsdóttur um læknaskort.

1. Telur ráðherra viðvarandi læknaskort vera hér á landi?

Nei, þegar á heildina er litið er ekki viðvarandi læknaskortur í landinu en vissulega þarf að fjölga heimilislæknum. Í lykilvísunum embættis landlæknis kemur fram að á árinu 2022 voru 57 heimilislæknar á hverja 100.000 íbúa hér á landi. Þar kemur einnig fram að árið 2020 voru að meðaltali 87,6 heimilislæknar á hverja 100.000 íbúa á Norðurlöndunum. Ekki liggja fyrir nýjar upplýsingar frá Norðurlöndunum en samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis var talan fyrir Ísland 57 árið 2023 og 59,8 árið 2024.

Í alþjóðlegum samanburði er fjöldi lækna miðað við íbúa góður. Mönnun lækna á dreifbýlum og afskekktum svæðum er þó áskorun og sum heilbrigðisumdæmi hafa glímt við erfiðleika í læknamönnun. Þá er mönnun misjöfn eftir sérgreinum. Mikið hefur verið lagt upp úr því að fjölga heimilislæknum undanfarin ár og hefur sérnám lækna í heimilislækningum hér á landi því verið eflt til muna. Nýliðun meðal heimilislækna er farin að aukast og gert er ráð fyrir síbatnandi mönnun meðal heimilislækna á komandi árum. Mikil fjölgun hefur verið á sérnámslæknum í heimilislækningum frá árinu 2017 og nú er sú fjölgun og fjárfesting af hálfu stjórnvalda farin að skila sér í auknum árlegum fjölda nýrra sérfræðileyfa í heimilislækningum sem veitt eru af embætti landlæknis. Mönnun smærri sérgreina í lækningum getur verið viðkvæm. Nýr kjarasamningur lækna felur í sér styttingu vinnuviku lækna í störfum hjá hinu opinbera úr 40 í 36 klukkustundir á viku og verið er að finna leiðir til að tryggja að læknamönnun verði í samræmi við áætlanir þrátt fyrir þessa breytingu. Kjarasamningnum er ætlað að laða lækna í störf hjá opinberum heilbrigðisstofnunum í auknum mæli og er því búist við að hann bæti læknamönnun til lengri tíma litið.

2. Hyggst ráðherra beina því til kennslusjúkrahúsa að þau stuðli áfram að því að Íslendingum, sem stunda nám í læknisfræði við erlenda háskóla, standi til boða að stunda verknám hérlendis?

Íslendingar sem stunda háskólanám í læknisfræði erlendis hafa sumir hverjir fengið leyfi til að stunda verklega þjálfun á íslenskum heilbrigðisstofnunum, jafnvel þó að hún sé hluti af erlendu háskólanámi. Heilbrigðisráðuneytið hefur ekki milligöngu um slíkt. Á meðan fyrirkomulagið kemur sér vel fyrir báða aðila og kennslusjúkrahúsin hafa tök á að taka á móti nemendum umfram þá sem þau hafa skuldbundið sig til að taka á móti úr íslenskum háskólum er ekki búist við að breytingar verði á þessu.

3. Telur ráðherra mikilvægt að íslenskir læknanemar við erlenda háskóla starfi hér á landi eftir útskrift til að koma í veg fyrir læknaskort?

Íslenskum læknanemum sem lokið hafa læknanámi við erlenda háskóla og fengið hafa lækningaleyfi hér á landi stendur til boða að sérhæfa sig hérlendis. Nýútskrifaðir læknar fara í sérnámsgrunn við upphaf starfsferils síns. Sérnámsgrunnurinn er tólf mánaða verkleg þjálf-

un á heilbrigðisstofnunum undir handleiðslu sérfræðilækna. Hægt er að stunda sérnámsgrunn um allt land. Í kjölfar þess að ljúka sérnámsgrunni geta læknar sótt um og ráðið sig í sérnámsstöður og hafið sérnám sitt formlega með því að sérhæfa sig í tiltekinni sérgrein í að lágmarki fimm ár til viðbótar. Sérnámið er skipulagt af Landspítala fyrir sjúkrahúsgreinar og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu fyrir heimilislækningar. Nauðsynleg er að tala íslensku til að geta stundað sérnám hér á landi. Sérnámsframboð hefur aukist mikið á undanförunum árum og er mikilvægur liður í því að byggja upp öflugt heilbrigðiskerfi og stuðla að góðri læknamönnun til framtíðar. Framboð á sérnámsstöðum er gott þannig að læknanemar sem stunda sitt læknanám erlendis eiga góða möguleika á að fá sérnámsstöður í kjölfarið, fyrst sem sérnámsgrunnslæknar og í kjölfarið í tiltekinni aðalsérgrein. Fjöldi sérnámslækna hefur farið sívaxandi undanfarin ár og nú eru um 300 læknar skráðir í sérnám á heilbrigðisstofnunum hér á landi.

4. Telur ráðherra mikilvægt að skapa hvata fyrir íslenska læknanema við erlenda háskóla til að starfa hér á landi? Efsvo er, hvers konar hvatar kæmu til greina?

Já, mikilvægt er að skapa hvata til að bæta læknamönnun á þeim svæðum á landsbyggðinni sem hafa glímt við viðvarandi læknaskort. Einnig er mikilvægt að tryggja fullnægjandi framboð á sérnámsstöðum í sérgreinum sem hefur jákvæð áhrif á heildarmönnun lækna hér á landi. Til að bæta læknamönnun á landsbyggðinni kemur til greina að veita ívilnanir við endurgreiðslu námslána og kæmi það sér sérstaklega vel fyrir lækna sem stundað hafa læknanám sitt erlendis og hafa þurft að taka námslán. Þá er mikilvægt að bjóða upp á sérnámsstöður á landsbyggðinni.

Nýr kjarasamningur lækna við ríkið felur í sér mikla hvata fyrir lækna til að starfa hér á landi. Eitt af markmiðum nýs kjarasamnings Læknafélags Íslands við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er m.a. að stuðla að bættri heilsu og öryggi lækna við störf og auka möguleika lækna á að samþætta betur vinnu og einkalíf. Breytingar á vinnutíma og launamyndunarkerfi lækna eiga að hafa í för með sér aukinn stöðugleika í mönnun hjá stofnunum ríkisins, draga úr yfirvinnu, bæta öryggi og þjónustu við almenning og gera störf lækna hjá ríkinu eftirsóknarverð.

Þá þarf að kortleggja með hvaða hætti ríki og sveitarfélög geta stutt lækna og fjölskyldur þeirra sem kjósa að búa og starfa á svæðum sem glímt hafa lengi við viðvarandi læknaskort.